

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar

FUNDARBOÐ – 386. FUNDUR

Fundur er boðaður í bæjarstjórn Snæfellsbæjar, fimmtudaginn 14. nóvember 2024 og hefst hann í **Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 15:00.**

Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:

- 1) Almyrkvi á sólu 2026 – Sævar Helgi Bragason mætir á fundinn í gegnum Teams.
- 2) Fundargerð 354. fundar bæjarráðs, dags. 3. desember 2024.
- 3) Fundargerðir 9. og 10. fundar velferðarnefndar, dags. 16. maí og 14. nóvember 2024.
- 4) Fundargerð 188. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 29. nóvember 2024.
- 5) Fundargerð 191. fundar Heilbrigðisnefndar Vesturlands, dags. 16. september 2024.
- 6) Fundargerð 183. fundar stjórnar SSV, dags. 28. ágúst 2024.
- 7) Fundargerð 184. fundar stjórnar SSV, dags. 15. október 2024.
- 8) Fundargerð ársfundar SSKS, dags. 9. október 2024.
- 9) Fundargerð 77. fundar stjórnar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum, dags. 13. nóvember 2024.
- 10) Fundargerð 955. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 15. nóvember 2024.
- 11) Fundargerð 956. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 20. nóvember 2024.
- 12) Fundargerð 957. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 22. nóvember 2024.
- 13) Fundargerð 467. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands, dags. 11. nóvember 2024.
- 14) Bréf frá Eyrbyggjasögufélaginu, dags. 26. nóvember 2024, varðandi styrk vegna verkefnisins „Eyrbyggjusaga myndrefill“.
- 15) Bréf frá félagasamtökum í Snæfellsbæ, dags. 29. nóvember 2024, varðandi ósk um niðurfellingu á leigu í Klifi vegna jólaballs þann 29. desember 2024.
- 16) Bréf frá Kára Viðarssyni, dags. 3. desember 2024, varðandi gjöf til Rastarinnar.
- 17) Bréf frá bæjarritara, dags. 1. desember 2024, varðandi afslátt gatnagerðargjalda.
- 18) Gjaldskrár Snæfellsbæjar fyrir árið 2025.
- 19) Fjárhagsáætlun Snæfellsbæjar og stofnana hans fyrir árið 2025. Fyrri umræða.
- 20) Þriggja ára áætlun Snæfellsbæjar og stofnana hans fyrir árin 2026-2028. Fyrri umræða.
- 21) Minnisþingur bæjarstjóra.

Snæfellsbæ, 3. desember 2024
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

354. fundur bæjarráðs Snæfellsbæjar, haldinn þriðjudaginn 3. desember 2024 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 12:00.

Mættir:

Júniana Björg Óttarsdóttir
 Auður Kjartansdóttir
 Friða Sveinsdóttir
 Kristinn Jónasson, bærarstjóri
 Lilja Ólafardóttir, bæraritari

Formaður bæjarráðs setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn. Var að svo búnu gengið beint til boðaðrar dagskrár.

Dagskrá:

1) **Tjaldstæði Snæfellsbæjar.**

Patrick Roloff umsjónarmaður tjaldsvæða Snæfellsbæjar mætti á fundinn og var boðinn velkominn. Farið var yfir starfseminu og aðsóknina á tjaldsvæðunum sumarið 2024.

2) **Umsókn frá Eyglóu A Þorkelsdóttur um að halda hundinn Perlu.**

Umsóknin samþykkt samhljóða.

3) **Bréf frá Isavia, dags. 20. nóvember 2024, varðandi flugbraut á Rífi.**

Áður en Snæfellsbær tekur afstöðu til erindisins vill bæjarráð óska eftir fjarfundi með yfirmönnum Isavia, Landhelgisgæslunni og formanni almannavarna/lögreglustjóra á Vesturlandi, til að ræða kosti og galla þess að loka annarri flugbrautinni á flugvöllinum á Rífi.

4) **Bréf frá Kennarasambandi Íslands, dags. 22. nóvember 2024, varðandi verkfallsboðun í Leikskóla Snæfellsbæjar.**

Lagt fram til kynningar.

5) **Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 11. október 2024, varðandi afskriftir.**

Bæjarráð samþykkti samhljóða að afskrifa framlagðar kröfur nr. 202403251550498 og 202403251629005. Sjá nánar í trúnaðarmálabók.

6) **Fjárhagsáætlun Snæfellsbæjar og stofnana hans fyrir árið 2025.**

Farið var yfir tillögur að gjaldskrá, áætlaðar styrkveitingar og fjárfestingar fyrir árið 2025. Bæjarráð staðfesti framlagðar tillögur og samþykkti samhljóða að vísa þeim til seinni umræðu í bærarstjórn. Farið var yfir breytingar sem bærarfulltrúar óskuðu eftir frá fyrri umræðu um fjárhagsáætlun. Bæjarráð samþykkti samhljóða að vísa tillögu að fjárhagsáætlun Snæfellsbæjar og stofnana hans fyrir árið 2025 til seinni umræðu í bærarstjórn.


7) **Þriggja ára áætlun Snæfellsbæjar og stofnana hans fyrir árin 2026-2028.**


Bæjarráð samþykkti samhljóða að vísa þriggja ára áætlun Snæfellsbæjar og stofnana hans fyrir árin 2026-2028, til seinni umræðu í bærarstjórn.

8) **Minnispunktur bærarstjóra.**


- Bærarstjóri sagði frá fyrirspurnum sem hafa borist vegna tjaldsvæðanna fyrir ágúst 2026 vegna sólmyrkvans.
- Bærarstjóri fór yfir það að boðuðu verkfalli á leikskóla Snæfellsbæjar sem átti að hefjast 10. desember hefur verið frestað.
- Bærarstjóri fór yfir framkvæmdir við anddyrið á Jaðri og við leikskólann í Ólafsvík.


Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:03


Jónína Björg Ottarsdóttir


Auður Kjartansdóttir


Friða Sveinsdóttir


Kristinn Jónasson, bæjarstjóri


Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Velferðarnefnd

9.fundur

16.maí 2024

Mættir eru: Gunnhildur Kristný Hafsteinsdóttir, Stefán Smári Kristófersson, Viktoría Sif Viðarsdóttir, Hallveig Hörn Þorbjargardóttir og Kristgeir Kristinsson.

Fundur settur klukkan 20.00

Farið yfir fundargerð síðasta fundar

Forvarnarmál

Ekki hefur enn borist annað fundarboð vegna samstarfsverkefni lögreglunnar um forvarnarmál barna og unglunga. Kristgeir kominn í forvarnarteymi og bíður fundarboðs.

Málefni fatlaðra í bæjarfélaginu

Enginn við vinnu fyrir hönd fatlaðra í bæjarfélaginu. Aðstandendur íbúa kjarnans lýstu áhyggjum yfirstöðunni vegna fjölda fría og vöntun á afleysingu í málastjóra fatlaðra.

Sent bréf á bæjarstjóra og yfirmann félagsþjónustunnar.

Fundi slitið klukkan 20.40

Endi he

Stjóri

Stjóri

Stjóri

Stjóri

Stjóri

Stjóri

Stjóri

Stjóri

Stjóri

Stjóri

Stjóri

Stjóri

Stjóri

Stjóri

Stjóri

Velferðarnefnd

10.fundur

14.nóvember 2024

Mættir eru: Gunnhildur Kristný Hafsteinsdóttir, Stefán Smári Kristófersson, Viktoría Sif Viðarsdóttir, Tinna Ýr Gunnarsdóttir og Kristgeir Kristinsson.

Fundur settur klukkan 20.00

Velferð

Farið yfir fundargerð síðasta fundar

Erindi frá Jóhönnu Jóhannesdóttur fyrir hönd Rauða Krossins

Jóhanna kynnir Vinaverkefni rauða krossins. Það hefur gengið erfiðlega að koma verkefninu af stað, bæði vantar umsóknir frá þeim sem vilja vera heimsóknarvinur og beiðnir frá þjónustugegum um að fá heimsóknarvin. Vildi koma verkefninu á framfæri við velferðarnefnd.

Forvarnarmál

Fundur var haldinn síðastliðinn október. Teymið vinnur að því að setja saman forvarnarstefnu fyrir bæjarfélög Snæfellsness.

Málefni fatlaðra í bæjarfélaginu

Stendur til að halda ráðstefnu varðandi málefni fatlaðra í bæjarfélaginu í vor.

Íþróttatímar eru í boði fyrir eldri unglunga og unga fullorðna fatlaða, en engar íþróttir eru sérstaklega fyrir fatlaða krakka undir 15 ára.

Staða sjúkráþjálfara

Enginn sjúkráþjálfari hefur verið í bæjarfélaginu síðustu árin. Velferðarnefnd ákveður að semja bréf og senda á framkvæmdarstjórn Heilbrigðisstofnun Vesturlands.

Ungbarnasund

Sundlaugin í Ólafsvík hefur verið hituð fyrir síðustu námskeið í ungbarnasundi, nú hefur ekki verið haldið námskeið í um ár og á sama tíma er erfitt fyrir foreldra að fara með ungabörn í sund vegna kulda. Haft samband við íþrótt- og æskulýðsfulltrúa hvort hægt sé að skipuleggja til dæmis einn dag í hverri viku þar sem sundlaugin er hituð fyrir ungabörn.

Fundi slitið klukkan 21.40

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

Umhverfis- og skipulagsnefnd - 188188. fundur umhverfis- og skipulagsnefndar
haldinn í Ráðhúsi Snæfellsbæjar, föstudaginn 29. nóvember 2024 og hófst hann kl. 10:00.

Fundinn sátu:

Halldór Kristinsson, Illugi Jens Jónasson, Magnús Eiríksson, Kristjana Hermansdóttir, Ragnar Már Ragnarsson, Hildigunnur Haraldsdóttir, Matthías Páll Gunnarsson og Smári Jónas Lúðvíksson.

Fundargerð ritaði: Valgerður Hlín Kristmannsdóttir, Aðstoðarmaður skipulags- og byggingarfulltrúa.

Dagskrá:

1. Nýtt deiliskipulag fyrir Skálasnaga, Öndverðarnes og Skarðsvík - 2411006

Lögð er fram lýsing og matslýsing vegna fyrirhugaðs nýs deiliskipulags fyrir Skálasnaga, Öndverðarnes og Skarðsvík.

Fyrirhugað deiliskipulagssvæði er innan Snæfellsjökulsþjóðgarðs þekur um 492 ha. Í fyrirhuguðu deiliskipulagi er gert ráð fyrir bílastæðum við Öndverðarnes og Skarðsvík og nýju bílastæði við vegamót Öndverðarnes og Skálasnaga. Þá er gert ráð fyrir nýju bílastæði við gönguleið um Neshraun. Einnig er gert ráð fyrir því að festa í sessi núverandi bílastæði við gönguleið að Vatnsborgum, göngu- og upplifunarstígum ásamt salernisbyggingu við Skarðsvík. Gildandi deiliskipulag Skarðsvíkur verður fellt inn í fyrirhugað nýtt deiliskipulag fyrir stærra svæði.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið og felur tæknideild að beina lýsingu og matslýsingu vegna deiliskipulags í ferli í samræmi við 40. gr. skipulagslaga.

Samþykkt

2. Nýtt deiliskipulag fyrir Malarrif, Svalþúfu og Vatnshelli - 2411005

Lögð er fram lýsing og matslýsing vegna fyrirhugaðs nýs deiliskipulags fyrir Malarrif, Svalþúfu og Vatnshelli.

Skipulagssvæðið er innan Snæfellsjökulsþjóðgarðs og þekur um 276 ha. Í fyrirhuguðu deiliskipulagi er á Malarrifi gert ráð fyrir útsýnispöllum, göngu- og upplifunarstígum, salernishúsi og að festa í sessi gestastofu og aðkomusvæði. Á þessu svæði er einnig grjótnáma og efnisgeymslusvæði sem gert er ráð fyrir að ganga frá auk vatnsbóls (brunnsvæðis). Við Svalþúfu er gert ráð fyrir að stækka bílastæðin og festa í sessi útsýnispalla og göngustíga og tengingar að Lóndröngum og Malarrifi. Með fyrirhuguðu deiliskipulagi er landnotkun við Vatnshelli fest í sessi og gert ráð fyrir mögulegum byggingareit vegna salerna.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið og felur tæknideild að beina lýsingu og matslýsingu vegna deiliskipulags í ferli í samræmi við 40. gr. skipulagslaga.

Samþykkt

MPG

MIF
SIL

1

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

3. Munaðarhóll 12 - Umsókn um leyfi fyrir 15 fm smáhýsi - 2411007

Guðmundur E. M. Ívarsson óskar eftir leyfi til að reisa 14,4 fm smáhýsi á baklóð sinni að Munaðarhóli 12.

Umhverfis-og skipulagsnefnd bendir á að samkvæmt gr. 2.3.5 byggingarreglugerðar 112/2012 eru allt að 15 m² smáhýsi á lóðum undanþegin byggingarheimild enda séu þær í samræmi við deiliskipulag og önnur ákvæði reglugerðar sem á við hverju sinni.

Umhverfis og skipulagsnefnd hafnar erindinu.

Hafnað

4. Ólafsbraut 80_Fyrirspurn vegna gagnavers og sólarcellugarðs - 2411004

Steingrímur Leifsson sendir inn fyrirspurn fyrir hönd Klumbu ehf vegna skipulagsmála. Óskað er eftir afstöðu umhverfis- og skipulagsnefndar fyrir byggingu á 2200 fm stálgrindarhúsi á lóð félagsins en áætlað er að starfrækja þar 10 mw gagnaver/varmaver í samstarfi við Ólafsvík Data Center. Umframorka gagnaversins/varmaversins yrði endurnýtt til að uppfylla orkuþörf Klumbu. Félagið hefur einnig áhuga á að byggja sólarcellugarð á grænu svæði í kringum Klumbu sem gæti stutt við verkefnið með 1000 kw rafmagnsframleiðslu.

Umhverfis og skipulagsnefnd tekur jákvætt í erindið og óskar eftir frekari gögnum og að fá að fylgjast með framgangi verkefnisins.

Jákvætt

5. Önnur mál - Umhverfis- og skipulagsnefnd 2024 - 2401007

önnur mál tekin upp á fundi

Góð umræða var tekin um sorpmálin og hvernig innleiðing nýs kerfis hefur gengið.

Kynnt

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:00.

*Fellegi er tekið
Málin eru
Félagsmálin
A. A. A.
Smari J. Láðviksson
Matthías Páll Gunnarsson
Kishara Þorvaldur*

Fullgild rafræn undirskrift

PORSTEINN NARFASON

Kennitala: 200366-5069
2024-09-17 13:41:58 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

TRAUСТИ GYLFASON

Kennitala: 300964-4949
2024-09-17 13:43:14 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

KRISTINN HALLUR SVEINSSON

Kennitala: 210572-5979
2024-09-17 14:16:43 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

SIGURHANNA ÁGÚSTA EINARSDÓTTIR

Kennitala: 301188-3669
2024-09-18 08:24:18 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

AUÐUR KJARTANSDÓTTIR

Kennitala: 230891-2309
2024-09-18 14:16:27 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

BIRKIR SNÆR GUÐLAUGSSON

Kennitala: 261087-3599
2024-09-19 07:09:03 GMT
Ástæða: Undirskrift



**Heilbrigðiseftirlit
Vesturlands**

191. fundur Heilbrigðisnefndar Vesturlands.

Fundurinn var haldinn á Teams 16. september og hefst hann kl. 16.00.

Mættir: Kristinn Hallur Sveinsson, Auður Kjartansdóttir, Birkir Snær Guðlaugsson, Sigurhanna Ágústa Einarsdóttir, Skúli Hreinn Guðbjörnsson og Trausti Gylfason.

Sigrún Ólafsdóttir boðaði forföll.

Dagskrá

1. Starfsleyfi sem Heilbrigðiseftirlit Vesturlands hefur gefið út í umboði heilbrigðisnefndarinnar

Starfsleyfi sem Heilbrigðiseftirlit Vesturlands hefur gefið út í umboði heilbrigðisnefndarinnar.

- 1.1 Frystihúsið Ísverslun ehf. Kirkjubraut 2 á Akranesi. Breytt leyfi gefið út 27. maí 2024 vegna sölu á áfengum drykkjum í lokuðum umbúðum. Leyfið er ótímabundið.
- 1.2 Isea ehf. Nesvegi 14 Stykkishólmi. Leyfi vegna mengandi starfsemi fyrir vinnslu og þurrkun sjávargróðurs, handhafabreyting, fyrri rekstraraðil Íslensk bláskel og sjávargróður ehf. Leyfið var upphaflega gefið út 11. ágúst 2023 og gildir til ágúst 2035. Ný handhafi tók við leyfinu 28. maí 2024.
- 1.3 Isea ehf. Nesvegi 14, Stykkishólmi. Nýtt leyfi fyrir þurrkun og áframvinnslu þörunga / vinnsla matvæla. Leyfið gefið út 18. júní 2024 og er ótímabundið.
- 1.4 S9 ehf, Bugðuós 2 Kjós. Nýtt starfsleyfi fyrir lítinn gististað. Leyfi gefið út 31. maí 2024 og gildir í 12 ár.
- 1.5 Margrét Kolbeinsdóttir, Grund, Ystu Garðar, Borgarbyggð. Nýtt leyfi fyrir minna gistiheimili á Grund. Leyfi gefið út 4. júní 2024 og gildir í 12 ár.
- 1.6 Dísarbyggð ehf, Þórðarstaðir. Breytt leyfi vegna aukins gestafjölda úr 24 gestum í 32. Leyfi upphaflega gefið út 31. mars 2022 og gildir í 12 ár. Leyfi breytt 6. Júní 2024.
- 1.7 Mas Café ehf, Plássið Laugabrekku á Hellnum, nýtt leyfi fyrir kaffihús. Leyfi gefið út 11. júní 2024 og er ótímabundið.
- 1.8 Kristjana Bjarnadóttir, Smiðjuvellir 28 á Akranesi. Nýtt leyfi fyrir snyrti- og fótaaðgerðarstofu. Leyfi gefið út 12. júní 2024 og gildir í 12 ár.
- 1.9 Kubbur ehf. Ennisbraut 38 Ólafsvík. Leyfi fyrir flutning úrgangs og gámastöð yfirfært af Terra umhverfisþjónustu hf. á Kubbur ehf. Leyfið upphaflega gefið út 19. október 2021 og gildir til október 2033.
- 1.10 Ungmennafélagið Dagrenning. Leyfi fyrir samkomustað í Félagsheimilinu Brautartungu í Borgarfirði. Leyfi gefið út 27. júní og gildir í 12 ár.
- 1.11 Anna María Þórðardóttir, leyfi fyrir fótaaðgerðarstofu á Face Snyrti-og fótaaðgerðarstofa Smiðjuvöllum 28 á Akranesi. Leyfi gefið út 28. júní 2024 og gildir í 12 ár.
- 1.12 Hafkaup ehf, Hafnargötu 2, Hellissandi. Leyfi fyrir vinnslu á ferskum fiski, handhafabreyting fyrri rekstraraðili var Haf197. Leyfi upphaflega gefið út 23. maí 2013 og gildir í 12 ár. Leyfi yfirfært á nýjan rekstraraðila 28. júní 2024.
- 1.13 Formáli ehf, Hvítárbakka 7, Borgarfirði. Sækir um leyfi fyrir gististað, stærra gistiheimili á Hvítárbakka 7, The Hvítá Inn. Gestafjöldi 50 gestir. Leyfi gefið út 2. júlí 2024 og gildir í 12 ár.
- 1.14 Agnið street food, Reitarvegi 2 Stykkishólmi, sækir um leyfi fyrir Agnið Matarvagn sem staðsettur er í Breiðabliki. Leyfi gefið út 8. júlí 2024 og er ótímabundið.

- 1.15 N1 ehf. sækir um endurnýjað leyfi fyrir lítilli eldsneytisafgreiðslu fyrir litaða olíu á lóð Elkem Grundartanga. Leyfið var auglýst á vef heilbrigðiseftirlitsins í 4 vikur. Engar athugasemdir bárust. Leyfið gefið út 19. ágúst 2024 og gildir í 12 ár.
- 1.16 Metabolic Borgarnesi ehf. sækir um nýtt leyfi fyrir líkamsræktarstöð á Sólbakka 7-9 í Borgarnesi. Leyfið gefið út 19. ágúst 2024 og gildir í 12 ár.
- 1.17 Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins sækir um endurnýjað leyfi fyrir ÁTVR-verslun á Grundargötu 38 í Grundarfirði. Leyfi gefið út 23. ágúst 2024 og er ótímabundið.
- 1.18 Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins sækir um endurnýjað leyfi fyrir ÁTVR-verslun á Ólafsbraut 55 í Ólafsvík. Leyfi gefið út 23. ágúst 2024 og er ótímabundið.
- 1.19 Stekkjarinn ehf. sækir um nýtt starfsleyfi (nýr rekstraraðili) fyrir stærra gistiheimili, Við Hafíð, Ólafsbraut 55 í Ólafsvík. Leyfið gefið út 26. ágúst 2024 og gildir í 12 ár.
- 1.20 IBL ehf. sækir um nýtt starfsleyfi fyrir gististað í frístundahúsi á Skólasetursvegi 9, Hvalfjarðarsveit. Leyfið gefið út 30. ágúst 2024 og gildir í 12 ár.
- 1.21 Skotfélagið Skotgrund sækir um nýtt starfsleyfi fyrir skotvöll í landi Hrafnkelsstaða í Kolgrafarfirði. Leyfið var auglýst í 4 vikur. Engar athugasemdir bárust. Leyfið gefið út 6. september 2024 og gildir í 4 ár.
- 1.22 Hjelm Veitingar ehf. sækir um nýtt leyfi (nýr rekstraraðili) fyrir starfsemi mótuneytis í Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri. Leyfið gefið út 6. september 2024 og er ótímabundið.

Lagt fram.

Tóbakssöluleyfi.

- 1.23 Paradís - félag íbúa á Hjúkrunarheimilinu Fellsenda Dalabyggð, sækir um nýtt leyfi fyrir tóbakssölu á heimilinu. Leyfið gildir frá 21. júní 2024 í 4 ár.
- 1.24 Hótel Langaholt ehf, Ytri Görðum, sækir um endurnýjað leyfi fyrir tóbakssölu á Hótel Langaholti. Leyfið gildir frá 1. júlí 2024 í 4 ár.

Lagt fram.

Undanþágur vegna aldurs til sölu á tóbaki.

- 1.25 N1 ehf Skútan Þjóðbraut 9 Akranesi, sækir um undanþágu fyrir tvö ungmenni sem starfa í versluninni. Undanþága gefin út 27. júní 2024 sem gildir til 27. desember 2024.

Lagt fram.

2. Starfsemi sem hefur fengið staðfesta skráningu skv. reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur skv. lögum nr. 7/1998.

- 2.1 Þórishólmi ehf. Staðfesting á skráningu fyrir vinnslu fisks og annara sjávarafurða á Hamraendum 5 í Stykkishólmi. Skráningarnúmer 429380.
- 2.2 Hildur Ingólfssdóttir. Staðfesting á skráningu fyrir starfsemi kírópraktor á Kirkjubraut 28 á Akranesi. Skráningarnúmer 367201.
- 2.3 Stykkishólmshöfn. Staðfesting á skráningu fyrir almenningsalarni Hafnargötu 3 í Stykkishólmi. Skráningarnúmer 431515.
- 2.4 Dynja ehf. Staðfesting á skráningu fyrir niðurrifi mannvirkja á Borgarbraut 63 í Borgarnesi. Skráningarnúmer 433153.
- 2.5 Borgarverk ehf. Staðfesting á skráningu fyrir bifreiða – og vélaverkstæði á Sólbakka 17-19 í Borgarnesi. Skráningarnúmer 431357.
- 2.6 Björgunarsveitin Brák. Staðfesting á skráningu fyrir flugeldasýningu við flugbrautina í Borgarnesi 4. ágúst 2024. Skráningarnúmer 435376.
- 2.7 Bílaumboðið Askja ehf. Staðfesting á skráningu fyrir bifreiða- og vélaverkstæði á Innnesvegi 1 á Akranesi. Skráningarnúmer 451033.

Lagt fram.

3. Umsagnir

Umsagnir til sýslumanns rekstrarleyfi

- 3.1 Umsókn Margrétar Ásgeirsdóttur fyrir hönd S9 ehf, til reksturs gististaðar að Bugðuósi 2, Kjósarhrepp. Minna gistiheimili, fjöldi gesta 4. Jákvæð umsögn send 31. maí 2024.
- 3.2 Umsókn Dísarbyggðar ehf um breytingu á rekstrarleyfi gististaðar vegna fjölgunar á gistirýmum á Þórdísarstöðum við Grundarfjörð. Fjöldi gesta 32. Jákvæð umsögn send 6. júní 2024.
- 3.3 Umsókn Mas Café ehf, Laugabrekku, Hellnum, um leyfi til rekstar veitingastaðar í flokki II, kaffihús með afgreiðslu áfengis. Gestafjöldi er skv. umsókn 80. Jákvæð umsögn send 11. júní 2024. Jákvæð umsögn send 12. júní 2024.
- 3.4 Umsókn Margrétar Kolbeinsdóttur, Grund- Ystu Görðum Borgarbyggð, fyrir minna gistiheimili. Gestafjöldi er 10 skv. umsókn. Jákvæð umsögn send 19. júní 2024.
- 3.5 Umsókn Formála ehf um rekstur gististaðar í flokki IV, stærra gistiheimili á Hvítárbakka 7, The Hvítá Inn. Gestafjöldi er 50. Jákvæð umsögn send 2. júlí 2024.
- 3.6 Umsókn Vínlandsseturs ehf. um rekstur veitingastaðar á Vesturbraut 12 í Búðardal. Veitingahús í flokki II, fjöldi gesta er 50 skv. umsókn. Jákvæð umsögn send 15. ágúst 2024.
- 3.7 Umsókn Stekkjarans ehf um rekstur gististaðar á Ólafsbraut 55, Ólafsvík, í flokki IV, gistiheimili með áfengisveitingum og um breytingu á gestafjölda úr 44 í 50 gesti. Heiti staðar er Við Hafíð. Jákvæð umsögn send 26. ágúst 2024.
- 3.8 Umsókn IBL ehf. um rekstrarleyfi fyrir gististað í flokki II, frístundahús á Skólasetursvegi 6, í Hvalfjarðarsveit. Fjöldi gesta skv. umsókn er 4. Jákvæð umsögn send 26. ágúst 2024.

Umsagnir til sýslumanns tækifærisleyfi

- 3.9 Umsókn Vilhjálms Hjörleifssonar um skemmtun og tímabundið áfengisleyfi í félagsheimilinu Þinghamri 15. júní 2024 frá kl 18-23. Gestafjöldi skv. umsókn 200 gestir. Jákvæð umsögn send 29. maí 2024.
- 3.10 Umsókn Keilufélags Akraness um tímabundið áfengisleyfi á Pílumóti Keilufélagsins 4. júlí 2024 í íþróttahúsinu á Jaðarsbökkum. Jákvæð umsögn send 12. júní 2024.
- 3.11 Umsókn Sóleyjar Óskar Sigurgeirsdóttur um tímabundið áfengisleyfi á Brákar hátíð -Hinsegin Vesturland, í Grímshúsi í Borgarnesi. Jákvæð umsögn send 24. júní 2024.
- 3.12 Umsókn Ásborgar bar ehf. Stillholti 16-18 um "tækifærisleyfi sem viðbót við gildandi leyfi vegna lengri afgreiðslutíma" á Útgerðinni aðfaranótt 6. og 7. júlí 2024, vegna írskra daga á Akranesi. Jákvæð umsögn send 24. júní 2024.
- 3.13 Umsókn Knattspyrnudeildar UMF Skallagríms um tímabundið áfengisleyfi vegna dansleiks í Hjálmakletti Borgarnesi 29. júní 2024. Jákvæð umsögn send 24. júní 2024.
- 3.14 Umsókn Lighthouse restaurant Kirkjubraut 8-10 á Akranesi um tækifærisleyfi til áfengisveitinga og lengri opnunartíma 4. til 7. júlí 2024 á írskum dögum á Akranesi. Jákvæð umsögn send 25. júní 2024.
- 3.15 Umsókn frá Sniglum, bifhjólasamtökum Lýðveldisins um tækifærisleyfi fyrir Landsmóti Bifhjólafólks í félagsheimilinu Þinghamri Varmalandi 4. til 7. júlí 2024. Jákvæð umsögn send 25. júní 2024.
- 3.16 Umsókn frá Knattspyrnufélagi ÍA um tímabundið áfengisleyfi í samkomutjaldi á Jaðarsbökkum í tengslum við knattspyrnuleik, 28. júní og 6. júlí 2024. Jákvæð umsögn send 26. júní 2024.
- 3.17 Umsókn frá Veislum og Viðburðum fyrir samkomu/tímabundið áfengisleyfi; Lopapeysan á írskum dögum á Akranesi, 6. júlí 2024. Jákvæð umsögn send 1. júlí 2024.
- 3.18 Umsókn frá 2022 ehf. vegna tónleika og tímabundins áfengisleyfi í Grímshúsi Borgarnesi 18. júlí 2024. Jákvæð umsögn send 1. júlí 2024.
- 3.19 Umsókn frá 2022ehf, vegna tímabundis áfengisleyfis um Verslunarmannahelgina í Grímshúsi Borgarnesi. Jákvæð umsögn send 25. júlí 2024.

- 3.20 Umsókn frá Fjölbautaskóla Vesturlands vegna tækifærisleyfis fyrir skóladansleiks í sal skólans 5. september 2024. Jákvæð umsögn send 22. ágúst 2024.
- 3.21 Umsókn Kvenfélags Þverárhliðar vegna dansleiks í samkomuhúsi Þverárréttar 30. ágúst 2024. Jákvæð umsögn send 22. ágúst 2024.
- 3.22 Umsókn 2022 ehf. um tækifærisleyfi og tímabundið áfengisleyfi í Grímshúsi í Borgarnesi vegna BARA-fest 2024. Tímasetning viðburðar er 4. – 6. október n.k. Jákvæð umsögn send 4. September 2024.
- 3.23 Umsókn Knattspyrnufélags ÍA um tækifærisleyfi og tímabundið áfengisleyfi vegna samkomu í samkomutjaldi vegna knattspyrnuleiks þann 15. september n.k. Jákvæð umsögn send 5. september 2024.
- 3.24 Umsókn frá Eflingu Stykkishólms sem sækir um tækifærisleyfi/tímabundið áfengisveitingaleyfi í tilefni að dansleik sem halda á í Íþróttahúsinu í Stykkishólmi 17. ágúst 2024. Jákvæð umsögn send 22. júlí 2024.
- 3.25 Umsókn frá Hátíðarfélagi Grundarfjarðar um leyfi vegna bæjarhátíðar í Grundarfirði dagana 26. til 28. júlí í fiskiskemmu á bryggjusvæðinu í Grundarfirði. Jákvæð umsögn send 22. júlí 2024.
- 3.26 Umsókn frá Glapræði ehf. um tækifærisleyfi/tímabundið áfengisleyfi, fyrir tónlistarhátíð í Íþróttahúsinu í Stykkishólmi helgina 6. júní til 9. júní 2024. Gestafjöldi er samkvæmt umsókn 600 manns. Jákvæð umsögn send 23. maí 2024.
- 3.27 Umsókn frá Skógarmönnum KFUM, um tækifærisleyfi til útihátíðar í Vatnaskógi, Hvalfjarðarsveit dagana 1. ágúst til 5. ágúst. Áætlaður fjöldi gesta er 1000 manns. Um er að ræða vímuefnalaus fjölskylduhátíð. Jákvæð umsögn send 17. júlí 2024.
- 3.28 Umsókn frá Ingibjörgu Halldórsdóttur, um tækifærisleyfi fyrir IceDocs heimildamyndahátíð með tónlistaatriðum, 17. júlí til 21. júlí í Bíóhöllinni á Vesturgötu 27 og í skemmuni við Breiðargötu 2B á Akranesi. Hámarksfjöldi gesta er 150 samkvæmt umsókn. Jákvæð umsögn send 15. júlí 2024.

Lagt fram.

4. Umsagnir til sveitarfélaga og Skipulagsstofnunar um skipulagsmál

Akranes.

- 4.1 Umsögn um breytingar á deiliskipulagi fyrir Akratorgsreits vegna Laugabrautar 20. Mál nr. 470/2024. Umsögn send 29. maí 2024.
- 4.2 Umsögn um breytingu á deiliskipulagi Dalbrautarreits. Mál nr. 687/2024. Umsögn send 27. júní 2024.
- 4.3 Umsögn um breytingar á aðalskipulagi og nýr deiliskipulagsrammi fyrir Smiðjuvelli - Þróunarsvæði C. Mál nr. 584/2024.

Borgarbyggð.

- 4.4 Umsögn um skipulagslýsingu fyrir breytingu á skipulagi fyrir Varmaland- minnkun á íbúðarsvæði í stækkun á verslunar -og þjónustusvæði. Mál nr. 727/2023. Umsögn send 30. maí 2024.
- 4.5 Umsögn um skipulagslýsingu vegna breytinga á skipulagi fyrir breytta landnotkun í landi Hraunsás í Hálsasveit. Mál nr. 599/2024. Umsögn send 31. maí 2024.
- 4.6 Umsögn um vinnslutillögu að nýju deiliskipulagi fyrir íþróttasvæðið í Borgarnesi. Mál nr. 601/2024. Umsögn send 4. júní 2024.
- 4.7 Umsögn um tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir mælímastur á Grjóthálsi. Mál. nr 245/2024. Umsögn send 7. ágúst 2024.
- 4.8 Umsögn um tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir íþróttasvæðið í Borgarnesi. Mál nr. 601/2024. Umsögn send 12. ágúst 2024.

- 4.9 Umsögn um tillögu um breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar vegna íþróttasvæðis, O1, íbúðasvæði Í4 og skólasvæði Þ3 í Borgarnesi. Mál nr. 31/2024. Umsögn send 26. ágúst 2024

Hvalfjarðarsveit.

- 4.10 Umsögn um skipulagslýsingu fyrir Hafnarland-Lísborgir. Mál nr. 450/2024. Umsögn send 31. maí 2024.
- 4.11 Umsögn um skipulagslýsingu vegna breytinga á landnotkun í landi Leirár. Mál nr. 498/2024. Umsögn send 31. maí 2024.
- 4.12 Umsögn vegna breytingar á deiliskipulagi í landi Efra Skarðs. Mál nr. 501/2024. Umsögn send 14. júní 2024.
- 4.13 Umsögn vegna nýs deiliskipulags í landi Litla-Botns. Mál nr. 499/2024. Umsögn send 14. júní 2024.
- 4.14 Umsögn vegna skipulagslýsingar á breytingum aðalskipulags á lóð Hafnarbergs. Mál nr. 729/2024. Umsögn send 21. júní 2024.
- 4.15 Umsögn um breytingar á deiliskipulagi fyrir Ölver-Móhól. Mál nr. 556/2024. Umsögn send 28. júní 2024.
- 4.16 Umsögn vegna nýs deiliskipulags í landi Grafar II. Mál nr. Umsögn send 2. júlí 2024.
- 4.17 Umsögn um tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir íbúðarbyggð í Melahverfi. Mál nr. 933/2024. Umsögn send 28. ágúst 2024.
- 4.18 Umsögn vegna skipulagslýsingar vegna breytingar á aðalskipulagi fyrir lóðina Hafnarberg. Mál nr. 729/2024. Umsögn send 5. september 2024.

Grundarfjörður.

- 4.19 Umsögn um skipulagslýsingu vegna breytingu á Aðalskipulagi Grundarfjarðar 2019-2039 vegna Kvernár. Mál nr. 937/2023. Umsögn send 27. júní 2024.

Sveitarfélagið Stykkishólmur.

- 4.20 Umsögn um skipulagslýsingu og vinnslu nýs deiliskipulags, breytingu á Aðalskipulagi Helgafellssveitar 2012-2024, fyrir Vigraholt. Mál nr. 795/2023. Umsögn send 28. júní 2024.
- 4.21 Umsögn um lýsingu og breytingu á aðalskipulagi vegna Hóla 5a. Mál nr. 651/2024. Umsögn send 28. júní 2024.
- 4.22 Umsögn um lýsingu að nýju deiliskipulagi vegna Hóla 5a. Mál nr. 652/2024. Umsögn send 28. júní 2024.
- 4.23 Umsögn um breytt Aðalskipulag Helgafellssveitar 2012-2024 og tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Vigraholt. Mál nr. 795/2023. Umsögn send 4. september 2024.

Kjósarhreppur.

- 4.24 Umsögn um verkefnislýsingu vegna breytinga á Aðalskipulagi vegna íbúðasvæðis á Eyri. Mál nr. 258/2023. Umsögn send 26. júlí 2024.
- 4.25 Umsögn um tillögu að deiliskipulagi vegna ferðaþjónustu á Eyri. Mál nr. 384/2024. Umsögn send 1. ágúst 2024.

Snæfellsbær.

- 4.26 Umsögn um tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir jörðina Öxl. Mál nr. 412/2024. Umsögn send 22. ágúst 2024.

Skipulagsstofnun.

4.27 Umsögn um vindorkugarð á Garpdalsfjalli í Reykhólasveit. Mál nr. 758/2024. Umsögn send 19. ágúst 2024.

Lagt fram.

5. **Afgreiðsla bæjarstjórna á Vesturlandi á bréfi heilbrigðiseftirlitsins dagsettu 28. maí 2024.** Lagðar fram afgreiðslur sveitarstjórna á Vesturlandi og Kjósarhreppi á ofangreindu bréfi sem fjallaði um tillögur ríkisins um breytingu á fyrirkomulagi heilbrigðiseftirlits.

Akraneskaupstaður:

Fundur bæjarstjórnar nr. 1396, 29. maí:

Bæjarstjórn tekur heilshugar undir bókun bæjarráðs frá fundi nr. 1396 þann 29. maí og gerir hana að sinni.

Bæjarstjórn Akraness tekur undir áhyggjur og ábendingar Heilbrigðisnefndar Vesturlands á þeim neikvæðu áhrifum sem tilfærsla eftirlitsins (málaflokksins) til ríkisins gætu haft í för með sér og því nauðsynlegt að fullt samráð sé haft við sveitarfélögin við frekari úrvinnslu málsins.

Bæjarráð telur að ekki hafi verið sýnt fram á með rökum að málaflokknum sé betur fyrir komið hjá ríkinu. Einnig telur bæjarráð að skort hafi samráð og upplýsingagjöf til sveitarfélaganna en sveitarfélagið hefur t.d. ekki fengið kynningu á skýrslu starfshóps um fyrirkomulag innra eftirlits frá ágúst 2023.

Grundarfjarðarbær 13. Júní 2024:

„Bæjarstjórn Grundarfjarðar tekur undir áhyggjur og ábendingar Heilbrigðisnefndar Vesturlands á þeim neikvæðu áhrifum sem tilfærsla heilbrigðiseftirlits til ríkisins gæti haft í för með sér.

Bæjarstjórn telur ekki framkomin rök fyrir því að málaflokknum sé betur fyrir komið hjá ríkinu. Bæjarstjórn telur nauðsynlegt að samráð sé haft við sveitarfélögin við frekari vinnslu málsins.“

Samþykkt samhljóða.

Snæfellsbær, fundur 5. júní 2024:

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar tekur undir bókun stjórnar samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi frá 8. nóvember 2023 og leggst gegn því að starfsemi heilbrigðiseftirlits verði færð til ríkisins.

Sveitarfélagið Stykkishólmur fundur nr. 23 þann 20. júní

Bæjarráð tekur undir áhyggjur Heilbrigðisnefndar Vesturlands á hugsanlegum neikvæðu áhrifum sem tilfærsla heilbrigðiseftirlits til ríkisins getur haft í för með sér. Bæjarráð leggur áherslu á að samráð sé haft við sveitarfélögin við afgreiðslu málsins.

Dalabyggð sveitarstjórnar nr. 248 þann 15. ágúst 2024:

Byggðaráð Dalabyggðar tekur undir bókun stjórnar samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi frá 8. nóvember 2023 og leggst gegn því að starfsemi heilbrigðiseftirlits verði færð til ríkisins.

Hvalfjarðarsveit, 400. Fundur 12. 6 2024:

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar tekur undir áhyggjur um að hugmyndir hafi ekki verið kynntar sveitarfélögum nægilega vel og að samráð hafi verið ábótavant. Sveitarstjórn kallar eftir aukinni upplýsingagjöf, samráð og samtali af hálfu ríkisins við sveitarfélögin þannig að unnt sé að taka upplýsta afstöðu til fyrirhugaðra breytinga á fyrirkomulagi þar sem um er að ræða umfangsmiklar breytingar sem gætu haft veruleg áhrif á sveitarfélög og íbúa. „

Tillaga borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Kjósarhreppur 294. fundur þann 3. júlí 2024:

Sveitarstjórn tekur undir bókun Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi frá 8. nóvember 2023 og leggst gegn því að starfsemi heilbrigðiseftirlits verði færð til ríkisins. Jafnframt leggur sveitarstjórn áherslu á að farið verði í vinnu við að samræma starfsreglur heilbrigðiseftirlita á landinu.

Skorradalshreppur:

Hreppsnefnd tekur ekki afstöðu til bókunar stjórnar Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi.

Borgarbyggð:

Afgreiðsla frá 672. fundi byggðarráðs: "Framlagt og óskar byggðarráð eftir umsögn umhverfis- og landbúnaðarnefndar og í framhaldinu til umræðu í sveitarstjórn. Samþykkt samhljóða."

Umhverfis- og landbúnaðarnefnd telur að flutningur á heilbrigðiseftirliti frá sveitarfélögum til ríkisins myndi hafa neikvæðar afleiðingar fyrir íbúa og fyrirtæki innan sveitarfélaganna.

Málið á eftir að fara fyrir sveitarstjórn.

Bókun Heilbrigðisnefndar Vesturlands:

Heilbrigðisnefnd felur framkvæmdastjóra að upplýsa ráðuneyti um framkomnar bókanir.

6. Hópsýkingar á Vesturlandi

Kynntur var atburður þar sem nokkrir hópar veiktust líklegast af nóróveiru í ágúst. Unnt var að staðfesta nóróveirusmit hjá tveimur einstaklingum. Hóparnir komu allir frá höfuðborgarsvæðinu. Drykkjarvatnið á svæðinu reyndist hreint og ekki var unnt að tekja uppruna veikindanna.

Málið kynnt.

7. Könnun á fjölda baktería í fráveitu á Snæfellsnesi og í Stykkishólmi í maí 2024.

Lagðar voru fram eftirlitsskýrslur vegna mælinga sem voru í strandsjó ofangreindra sveitarfélaga. Sveitarfélögunum hafa verið kynntar niðurstöðurnar og í framhaldi verður unnið að því að afla frekari gagna um fráveiturnar í samráði við sveitarfélögin sem liður í starfsleyfisútgáfu. Einnig kynnt var samstarfsverkefni við fyrirtækið Molendotech sem lánaði tæki sem getur greint gram neikvæðar bakteríur á 13 mínútum og var það notað samhliða því sem rannsóknir voru gerðar rannsóknarstofu. Tækið var prófað í fráveituverkefninu, en einnig í náttúrulegum og sundlaugum.

Málið kynnt.

8. **Samstarf við Húsnæðis og mannvirkjastofnun um eftirlit með nikótínvörum og rafrettum.**
Tillaga hefur komið frá HMS að heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga taki við eftirliti með nikótínvörum og rafrettum gegn greiðslu. HMS myndi svo fylgja þeim eftir þar sem við á.

Heilbrigðisnefnd felur framkvæmdastjóra að vinna málið áfram.

9. **Önnur mál.**

Höfðasel 15 og 16 á Akranesi. Búið er að taka sýni til að mæla mengun í jarðvegi á lóðunum. Í kjölfarið er fyrirhugað að ganga frá svæðinu með bundnu slitlagi og mengunarvarnabúnaði.

Málið kynnt.

Fundi slitið 17.10.



183 fundur stjórnar SSV

Fundur haldinn í stjórn SSV, miðvikudaginn 28. ágúst kl.10:00 í ráðhúsinu í Hvalfjarðarsveit.

Mætt voru; Guðveig Eyglóardóttir, Ragnar Sæmundsson, Einar Brandsson, Elín Gunnarsdóttir, Pétur Davíðsson, Sigurður Guðmundsson, Ingibjörg Steinudóttir, Jakob B. Jakobsson, Júníana Óttarsdóttir, Sigurbjörg Ottesen. Jósef Kjartansson tók þátt í fundinum á Teams. Auk þess sat Páll S. Brynjarsson fundinn og ritaði fundargerð.

Guðveig Eyglóardóttir, formaður SSV, setti fund kl.10:00

1. Fundargerð frá 182 fundi stjórnar SSV

Formaður lagði fram fundargerð frá 182 fundi stjórnar SSV til staðfestingar. Stjórn staðfesti fundargerðina

2. Aðsetur Náttúrufræðistofnunar á Vesturland

Framlögð drög að samstarfsyfirlýsingu við umhverfis, orku og loftlagsráðuneytið um aðsetur nýrrar Náttúrufræðistofnunar á Vesturlandi, en ráðherra hefur tekið ákvörðun um að höfuðstöðvar hennar verði á Vesturlandi. Stjórn ræddi drögin og lagði til breytingu á texta sem framkvæmdastjóra var falið að setja inn í drögin. Jafnframt var samþykkt að Haraldur Benediktsson bæjarstjóri á Akranesi tæki sæti í hópnum ásamt fulltrúa frá sveitarfélögnum á Snæfellsnesi.

3. Samgönguáætlun

Fyrir liggur að Umhverfis- og samgöngunefnd alþingis mun hefja vinnu við afgreiðslu samgönguáætlunar um leið og þing kemur saman þann 10. september n.k. Rætt um eftirfylgni með áherslum SSV varðandi breytingar á áætluninni. Í umræðu kom fram að á vettvangi sveitarfélaga á landsbyggðinni hefur verið rætt um að ríkið þyrfti að gera samgöngusáttmála við landshlutana líkt og gert er á höfðborgarsvæðinu. Jafnframt vakti Pétur Davíðsson máls því að reiknuð væri innviðaskuld ríkisins við Vesturland.

4. Sóknaráætlun 2025-2029

Framlagt til kynningar minnisblað um stöðu vinnu við Sóknaráætlun Vesturlands 2025-2029. Í minnisblaðinu var farið yfir framgang verkefnisins, en vinna að áætluninni er í höndum ráðgjafafyrirtækisins Úrbana og starfsfólks SSV. Íbúáþing um Sóknaráætlun Vesturlands mun fara fram 18 september n.k. í Hjálmakletti.

5. Ungmennáþing Vesturlands